

Priðjudaginn 29. júlí 1969.

Nr. 141/1969. Valdstjórnin

gegn

Þorsteini Þórði Sigurðssyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 25. júlí 1969, sem barst Hæstarétti 28. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og hann látinn laus úr gæzluvarðhaldi.

Varnaraðilja er gefin að sök háttsemi, sem varðað getur hann fangelsisrefsingu eftir ákvæðum XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Eru því samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 fyrir hendi skilyrði til gæzluvarðhalds, sem rétt er að beita áfram, eins og á stendur, sbr. 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961.

Með skirskotun til þessa og forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 25. júlí 1969.

Ár 1969, föstudaginn 25. júlí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í hegningarhúsinu að Skólavörðustíg 9 af Sverri Einarssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Aðfaranótt 1. júní s.l. var framið innbrot í húsakynni Alþýðublaðsins við Hverfisgötu hér í borg og m. a. stolið þaðan sex tékkheftum með samtals 125—150 ónotuðum eyðublöðum.

9. júní s.l. var Þorsteinn Þórður Sigurðsson verkamaður, Kapla-

skjólsvégi 54 hér í borg, handtekinn í húsakynnum Sparisjóðs Kópavogs, en þar var hann að reyna að selja falsaðan tékka að fjárhæð kr. 8.000.00, og var hann gefinn út á eitt þeirra eyðublaða, sem stolið var í greindu innbroti.

Þorsteinn Þórður neitaði í fyrstu að tjá sig um tékkann og var 10. júní s.l. úrskurðaður vegna rannsóknar málsins í allt að 45 daga gæzluvarðhald, en það rennur út nú í dag kl. 1410.

Rannsóknarlögreglunni hafa borizt fjórir aðrir falsaðir tékkar á eyðublöð úr sama hefti og áðurgreindur 8.000.00 króna tékki. Er samanlögð fjárhæð allra fimm tékkanna kr. 23.750.00. Allir hafa þeir verið seldir, á meðan Þorsteinn Þórður hafði óskert frelsi, eða á fyrstu 9 dögum s.l. mánaðar. Allir eru tékkarnir eins úr garði gerðir, vélritaðir með undirskriftinni Hannes Jónsson sem útgefanda.

Anna Sigríður Pétursdóttir, Grundarlandi 10 hér í borg, var stödd í verzlun í biðskýlinu við Bústaðaveg hér í borg, er einn hinna fimm tékka, að fjárhæð kr. 2.900.00, var seldur þar. Hún hefur séð kærða og er alveg viss um, að hann hafi verið maður sá, er tékkann seldi.

Við húsleit á heimili Einars Sverris Einarssonar, Safamýri 65 hér í borg, sem framkvæmd var 18. þ. m. vegna annars máls, fundust 9 ónotuð tékkaeyðublöð, sem reyndust úr sama hefti og hinir fölsuðu tékkar.

Rannsókn málsins er eigi lokið, en kærði neitar að hafa falsað greinda tékka og kveðst ekkert vita um aðra tékka en þann, sem hann var handtekinn fyrir að reyna að selja. Saga hans um það, hvernig hann fékk hann í hendur, er í athugun.

Þykir því af framansögðu nauðsyn til þera með tilvísun til 1. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 og hliðsjón af 155. og 244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 að úrskurða kærða í áframhaldandi gæzluvarðhald, þegar úrskurðartímanum samkvæmt fyrri úrskurði lýkur í dag kl. 1410.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

Ályktarorð:

Þorsteinn Þórður Sigurðsson skal sæta gæzluvarðhaldi í allt að 30 dögum frá kl. 1410 25. júlí 1969.